

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2015



Straumendur á Kaldá 2015

**lögð fram á aðalfundi HeV í Borgarnesi
6. apríl 2016**

ÁRSSKÝRSLA 2015

INNGANGUR:

Þá er árið 2015 liðið og komið að því að fara yfir farinn veg í störfum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV).

Fjárhagurinn var nokkuð í samræmi við fjárhagsáætlunin sem afgreidd frá stjórn í október 2014 og staðfest af sveitarstjórnnum. Rekstrarafgangur var 560 þúsund eftir niðurfellingu og afskriftir.

Stöðugildin eru tvö og bókhald rekið af skrifstofu Hvalfjarðarsveitar. Starfsmaður til sumarafleysingar var ekki ráðinn eins og fyrirhugað var við gerð fjárhagsáætlunarinnar enda erfitt að koma manni inn í starfið á 6 vikna starfstíma.

Á haustmánuðum kom fram tillaga að breytingum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem virðist hafa verið samin af starfsmanni Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og því haldið fram að þetta væri vilji ráðherra. Við lagabreytingar er yfirleitt á frumstigi haft samráð við sveitarfélögin og atvinnulífið en í þessu tilfelli „gleymdist“ slíkt samráð.

Samkvæmt breytingum var gert ráð fyrir að öll starfsleyfisvinnsla og útgáfa starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi yrði færð til Umhverfisstofnunar (UST) en eftirlitið yrði hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna (HES). Þvingunarúrræði yrðu síðan hjá UST. Þá var boðað að ákveðin hluti fyrirtækja þyrfti ekki starfsleyfi.

Eftir hávær mótmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga (Sambandið) og Sambands heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) voru gerðar nokkrar breytingar á lagafrumvarpinu og var afgreiðsla síðan frestað þegar fyrirséð var að málið gekk ekki upp.

Engir úrskurðir voru gefnir út á árinu þar sem HeV kemur við sögu. Hins vegar var fyrirtækið Gæðakokkar sýknað í Héraðsdómi Vesturlands hinn 20. febrúar af kæru HeV frá því í mars 2013 í svokölluðu nautabökumáli.

Þá voru kveðnir upp tveir merkilegir úrskurðir sem skipta máli varðandi stjórnarsýslu sveitarfélaga og samvinnu þeirra við heilbrigðisnefndir.

Annar var vegna sorphirðugjalda, þar sem skýrt kemur fram að sveitarfélög skuli leita umsagnar heilbrigðisnefndar vegna setningu gjaldskráa og samþykka sem byggja á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Kom úrskurður þessi mjög á óvart þar sem með honum eru lagðar skyldur á heilbrigðisnefndir að skoða fjármál sveitarfélaga t.d. vegna ákvörðunar sorpgjalda, gælundýrahalds og fráveitumála.

Hinn úrskurðurinn var vegna þvingunarúrræða sem beitt er við að fjarlægja númerslausa bíla. Samkvæmt úrskurðinum er ekki hægt að framselja þvingunarúrræðin til viðkomandi sveitarfélags. Heilbrigðisnefnd skal beita aðgerðunum.

Loks vill HeV benda á merkilegan úrskurð eða ákvörðun Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR) þar sem svarað er erindi HeV frá 11. júní 2014 um túlkun laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglna settra samkvæmt þeim. Í svari ráðuneytisins sem barst 21. október 2015 segir að „beina skuli fyrirspurnum um atriði er varða verksvið heilbrigðiseftirlitsins og túlkun laga og reglugerda til Umhverfisstofnunar.



Stjórn í kaffi á Húsafelli eftir svaðilför á Langjökul



Fulltrúar frá Umhverfisstofnun í heimsókn

HEILBRIGÐISNEFND í lok árs 2015

Formaður: Ingibjörg Valdimarsdóttir, Akranesi, formaður
Eyþór Garðarsson, Grundarfirði, varaformaður
Ólafur Adolfsson, Akranesi
Sigrún Guðmundsdóttir, Snæfellsbæ
Hulda Hrönn Sigurðardóttir, Borgarbyggð

Fulltrúi atvinnurekenda: Trausti Gylfason

Fulltrúi náttúruv.nefnda: Ragnhildur Sigurðardóttir

Varamenn:

Björn Guðmundsson, Akranesi
Hafdís Bjarnadóttir, Stykkishólmi
Anna María Þráinsdóttir, Akranesi
Halla Steinólfsdóttir, Dalabyggð
Davíð Pétursson, Skorradalshreppi

Fulltrúi atvinnurekenda: Sigríður Margrét Guðmundsdóttir

Starf heilbrigðisnefndar Vesturlands:

Heilbrigðisnefndin hélt 8 stjórnarfundum á árinu, þar af tvo símafundi. Einn fundurinn var síðan haldinn í bílaleigubíl í brekkum Langjökuls.

Aðalfundur var haldinn í Borgarnesi í mars í tengslum við aðalfund SSV.

Nánar um störf heilbrigðisnefndar í skýrslu formanns.

Fundir og námskeið:

Framkvæmdastjóri sat 7 símafundi með framkvæmdastjórum HES ásamt forstjóra og sviðsstjórum Umhverfisstofnunar (UST).

Enginn sérstakur fundur var haldinn með Matvælastofnun þótt sú stofnun fari með yfirumsjón matvælaeftirlits skv. matvælalögum.

Vorfundur HES með MAST, UST og ráðuneytum umhverfis- og auðlinda og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem halda átti við Mývatn í maí féll niður vegna verkfalla. Í þess stað var haldinn sameiginlegur fundur með þessum stofnunum í lok október í Reykjavík.

Starfsmenn sóttu haustfund HES sem haldinn var í Reykjavík í lok október.

Að venju sátu starfsmenn ársfund stóriðjufyrirtækjanna Elkem og Norðuráls á Grundartanga þar sem umhverfisskýrsla er kynnt.

Starfsmenn HeV sátu síðan sanstarfsfund Norðuráls og síðar Elkem á Íslandi þar sem farið var yfir starfsemi fyrirtækjanna.

Starfsmenn sátu fund með fulltrúum Grundarfjarðarbæjar um leikskólamáli í júlí.

Í lok árs sátu stjórnarformaður og framkv.stj. fund með Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi þar sem rædd voru drög að breytingum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sóttir fundir og námskeið:

Haustfundur HES í Reykjavík 21. og 22.10	HH og ÁH
Samstarfsfundur Norðuráls og Elkem á Grundartanga, 27. og 28.05	HH, ÁH
Aðalfundur SHÍ í Reykjavík 21.10.	IV og HH
Aðalfundur HeV í Borgarnesi 25.03.	IV, HH og ÁH
„Vorfundur“ haldinn í Reykjavík 20.10.	IV og HH
Kynningarfundur OR um umhverfisskýrslu 06.02.	HH og ÁH
Kynningarfundur um vöktunaráætlun á Grundartanga, 30.04.	HH og ÁH
Fyrirlestur Guðjóns Auðunssonar um fráveitu á Sundunum í Rvk.	HH og ÁH
Símafundur með framkv.stj. HES (6)	HH
Opinn fundur á Akranesi vegna starfsemi fiskþurrk. HB Granda	HH
Símafundur með starfsfólki UST (7)	HH

IV=Ingibjörg Valdimarsdóttir, HH= Helgi Helgason, ÁH= Ása Hólmarsdóttir

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)

Stjórn SHÍ hélt marga fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga um sameiginlega hagsmuni og samskipti við starfsmenn Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Stjórn SHÍ stóð í ströngu eftir að fram komu drög á breytingum á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í góðu samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga var bent á galla í drögunum og umhverfisráðherra kynnt þessi viðhorf.

Aðalfundur SHÍ var haldinn í Reykjavík í lok október þar m.a. var rætt um breytingar á lögum nr. 7/1998, úrskurð um framkvæmd þvingunar og ferðaþjónustumál.

Stjórn SHÍ skipa:

Jón Haukur Ingvason heilbrigðisnefnd HHK	formaður
Sigrún Guðmundsdóttir framkv.stj. Suðurlandssvæði	ritari
Helga Hreinsdóttir framkv.stj. Austurlandssvæði	gjaldkeri

Útgefin starfsleyfi:

Brennuleyfi
Tóbakssöluleyfi
Undanþága vegna aldurs til sölu á tóbaki
Snyrtivörufyrirtæki
Matvælafyrirtæki
Flutningamiðstöðvar
Vatnsveitur
Veitingastaðir og hótel
Gisting/samkomuhús
Vegna mengandi starfsemi
Vegna hollustuhátta (skólar/leikskólar/dvalarheimili)
Útihátíðir, markaðir og tjaldsvæði
Starfsmannabúðir/-bústaðir
Samtals

2015	2014	2013	2012
27	11	14	8
9	8	14	4
9	5	12	21
4	1	4	6
15	14	19	21
0	0	0	0
4	11	2	3
21	42	35	26
52	38	32	27
11	13	23	34
4	11	8	8
4	2	2	3
1	0	1	1
161	146	166	162

Önnur leyfi og vottorð:

Vegna flutnings á sóttmenguðum úrgangi	3
Skoðun á íbúðarhúsnæði	14
Skipaskoðun	8

Umsagnir til sýslumanna:

Vegna veitingaleyfa
Vegna gististaða
Vegna samkoma/útihátíða
Samtals

2015	2014	2013	2012
21	46	37	24
52	43	30	34
54	43	42	54
127	132	109	112

Eftirfarandi umsagnir voru gefnar til Skipulagsstofnunar:

1. Vegna mats á umhverfisáhrifum Kratusar á Grundartanga (28.08.)

Umsagnir til annarra aðila:

1. Stykkishólmur v/Amtsbókasafns (15.12.)
2. Dalabyggð v/deiliskipulags í Ólafsdal (11.12.)
3. Hvalfjarðarsveit v/uppbýggingar við Hólabrú (19.11.)
4. Hvalfjarðarsveit v/framkvæmda við Leynisveg 6 (17.11.)
5. Snæfellsbær v/þjónustuhúss Arnarstapa (17.11.)
6. Grundarfjarðarbær v/tengivirkis við Ártún (05.11.)
7. Dalabyggð v/deiliskipulags Tjaldaneslandi 2 (14.10.)
8. Stykkishólmur v/breytingar á notkun húsnæðis Lágolti 5 (15.09.)
9. Eyja- og Miklaholtshreppur v/ breytts deiliskipulags Múlavirkjunar (07.08.)
10. Stykkishólmur v/flokkunarskemmu Snoppu (08.07.)

11. Stykkishólmur v/breytinga húsnæði Austurgötu 7 (07.07.)
12. Grundarfjarðarbær v/skipulags fyrir aðveitustöð (07.05.)
13. Hvalfjarðarsveit v/stækkunar Norðuráls á Grundartanga (04.05.)
14. Stykkishólmur v/deiliskipulags frístundabyggðar Nýræktar (28.04.)
15. Grundarfjarðarbær v/staðsetningar kælipressu á fiskvinnsluhúsi (16.04.)
16. Stykkishólmur v/veitingastarfsemi við Þverveg 2 (14.04.)
17. Borgarbyggð v/aðal- og deiliskipulags á Langjökli (08.04.)
18. Borgarbyggð v/breytinga á svæðisskipulagi Langjökli (07.04.)
19. Dalabyggð v/deiliskipulags í Skáley (04.03.)
20. Grundarfjarðarbær v/ breytinga á veitinga- og gististað við Nesveg (19.02.)
21. Skorradalshreppur v/deiliskipulags Litlu-Drageyri (21.01.)
22. Grundarfjarðarbær v/breytinga á deiliskipulagi við Nesveg (16.01.)
23. Stykkishólmur v/deiliskipulags Vatnsáss (13.01.)
24. Grundarfjarðarbær v/breytts aðalskipulags (12.01.)

Önnur erindi:

HeV gaf umsögn til nefndasviðs Alþingis í febrúar vegna frumvarps til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum.

Heilbrigðisnefnd skal gefa umsagnir til sveitarstjórna vegna nýrra eða breyttra samþykka eða gjaldskráa sem settar eru með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eftirlit í fyrirtækjum – stofnunum – svæðum

HeV starfar skv. eftirlitsáætlun auk sýnatöku sem er nokkuð ráðandi sérstaklega á þéttbýlissvæðum.

HeV fylgir fræðsluskyldu, upplýsingaskyldu og skráningum eftir því sem færi gefst.

Í skýrslu sem þessari verður aldrei hægt að gera öllu skil og verður því aðeins minnst á helstu atriði í eftirliti.

Útgáfa leyfa og eftirlit með ferðamannastarfsemi hefur aukist mikið á liðnu ári. Mesti broddur er í útleigu á íbúðum og frístundahúsum. Fjöldi nýrra gististaða er 36, flestir í frístundahúsum. Slík starfsemi getur haft í för með sér óþægindi fyrir nágretta og kallar á breytingar s.s. vegna bílastæðamála, fráveitu- og sorphirðumála. Þá getur þessi starfsemi líka haft í för með hávaða og því um leið raskað ró fastra íbúa á svæðinu. Að slaka á klónni varðandi leyfisveitngar fyrir gististaði gæti því haft slæm áhrif.

HeV hefur ákveðnar áhyggjur af fjölda ferðamanna og þeirri aðstöðu sem þeim er boðin upp á. Þar skipta snyrtingar miklu máli og er ljóst að „vegasjoppurnar“ geta ekki tekið að sér að fullnægja þeirri þörf.

Í þjóðgarðinum Snæfellsjökli er t.d. bara snyrtihús á Djúpalónssandi.

Ferðamenn sem sækja Hraunfossa heim er boðið upp á góða þjónustu. Þar eru snyrtingar opnar allt árið.

Kvartanir vegna sóðskaps úti í náttúrunni hafa ratað í fjölmiðla.

Ljóst er að framlög úr ferðamálasjóði duga ekki til og gera þarf ráð fyrir þjónustu við snyrtihús hvar sem þau verða staðsett.



Rakaskemmdir og mygla í húsnæði



Heilsuspillandi húsnæði („stofa” og „eldhús”)

Úttektir HeV vegna húsnæðis færast í aukana. Þetta eru oft á tíðum erfið mál sem leitt hafa til dómsmála. HeV getur ekki alltaf komið með óyggjandi úrskurð og hefur því bent viðkomandi á að leita til fagmanna um mannvirki og/eða iðnaðarmanna til að rífa niður vegg eða leita raka í gólfefnum. Þá er bent á bækling sem gefinn var út af UST 2015 um inniloft, raka og myglu í híbýlum.

Umsagnir vegna gjaldskráa og skoðun teikninga bæði fyrir stofnanir og einstaklinga tekur mikinn tíma en skilar sér í betri samvinnu og minni hættu á mistökum á seinni stigum framkvæmda.

Fáar kvartanir berast vegna matvæla frá almenningi en vanmerkingar á matvörum tíðar og innköllum matvæla vegna rangra merkinga eða aðskotaefna.

Fjöldi útgefna starfsleyfa var svipaður og meðaltal síðustu 5 ára. Skýringa á fjölgun leyfa frá 2014 er helst að leita vegna starfsemi sem tengist ferðamálum.

Fyrirtæki á skrá hjá HeV voru 857 í lok árs 2015 og hafði því fjölgað um 68 frá fyrra ári.

HeV hafði tvö þjónustuverkefni fyrir Akraneskaupstað. Annað var hefðbundin sýnataka úr sjó úti fyrir ströndinni á Langasandi.

Hitt verkefnið var sýnataka af sigvatni á urðunarstað sem þjónað hefur óvirkum úrgangi en hefur nú verið aflagður. Vöktun urðunarstaðarins verður þó haldið áfram í nokkur ár.

Fráveitumál voru í umræðunni á árinu og deilur í gangi á Akranesi vegna fráveitumála í Krókalóni. Af því tilefni fór heilbrigðisnefnd fram á það að framkvæmdum við hreinsistöð fráveitu sem rekin er af OR yrði hraðað. Nú liggur fyrir að hreinsistöðin verður tekin í notkun á haustmánuðum 2016.

Þá gerði HeV alvarlegar athugasemdir við fráveitu á hesthúsasvæði á Æðarodda. OR var gefinn frestur fram í mars til að skila inn áætlun um framkvæmdu á svæðinu þannig að ekki rynni ómeðhöndlað skorp út í fjöruna vestan við hesthúsasvæðið.



Fráveitumálin ekki í lagi í Krókalóni og á Æðarodda

Í Borgarnesi verður hreinsistöð tekin í notkun í lok árs 2016. Smá breytingar eru fyrirhugaðar á þýnningarsvæðinu vegna síbreytilegra strauma í Borgarfirði neðan við Hvítá.

HeV gaf út 3 leyfi vegna flutnings á sóttmenguðum úrgangi frá alifuglaframleiðendum og síðan vegna flutnings á riðusmituðu fé.

Vegna breyttra reglna er farið að brenna hræ af riðusmituðu fé í brennsluofni á Suðurnesjum sem er eina vottaða sorpbrennslustöðin hér á landi.

Sóttmengaðir alifuglar eru urðaðir í Fíflholtum.



„Reykbomba frá Elkem á Grundartanga“

Úttektir voru gerðar á 7 nýjum vatnsbólum en aðeins gefin út 5 starfsleyfi þar sem frágangi var ekki lokið á tveimur.

Endurnýjun vatnsveitu fyrir Ólafsvík var lokið á vormánuðum. Búið er að endurgera vatnsbólíð og skipta út lögnum auk þess sem hægt er að fylgjast með rennsli og þrýstingi neysluvatnsins í tölvukerfi.

Um haustið kom fram að endurskoða þarf brunnsvæði vatnsveitunnar með asahláku í huga.

Vatnsveitur skulu setja upp virkt innra eftirlit sem byggir nokkuð á umfangi vatnsveitunnar og fjölda notenda. Í innra eftirliti skal fylgjast reglubundið með gæðum vatnsins, vatnsverndarsvæði og viðhaldi lagna. Þá skal setja upp áhættugreiningu og viðbúnaðaráætlun ef mengun eða bilun kemur upp í kerfinu.

Í kjölfar gosmengunar frá eldstöðvum í Holuhrauni var ekki að sjá að mengunar yrði vart í vatnsbólum jafnvel á stöðum þar sem svæðin eru viðkvæm fyrir ytri mengun.

HeV skoðaði 8 skip í Grundartangahöfn á árinu og gaf út heilbrigðisvottorð til 6 mánaða fyrir þau.



Eftirlit og útekt í fiskþurrkun HB Granda á Akranesi

Starfsemi fiskþurrkunar HB Granda á Akranesi hefur verið mjög inni ú umræðunni á Akranesi. Fyrirtækið hefur sótt um breytingu á skipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar um 175 tónna framleiðslu í allt að 600 tónna framleiðslu á viku.

Íbúafundur var haldinn um málið í maí síðan fyrirhugað að halda annan þegar skipulagið liggur fyrir.

HeV benti fyrirtækinu á að sækja um undanþágu frá starfsleyfi til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis meðan beðið væri eftir ákvörðun skipulagsyfirvalda enda væri ljóst að skipulagsvinnu lyki ekki áður en starfsleyfið rynni út 1. febrúar 2016.



Flutningur á sóttmenguðum úrgangi



Öryggi gesta skiptir máli í umhverfi gististaðar




Góðar merkingar á sundstað


HeV leggur mikla áherslu á það að öryggi gesta á sund- og baðstöðum sé tryggt. Þar skipti mestu að gæsla og merkingar séu fullnægjandi og góður öruggisbúnaður sé á staðum. Í dag þykir t.d. sjáfsagt að hafa hjartastuðtæki á sundstöðum.

HeV vill benda á reglugerða sem sett var á árinu um baðstaði náttúrunni nr. 460/2015. Þarna falla t.d. inn baðstrendur og skyldur eigenda þeirra.


Fjöldi fyrirtækja 2015 (857)



Fjöldi fyrirtækja 2015 (857)



Fjöldi fyrirtækja 2014 (789)



Greining kvartana:

	2015	2014	2013
Vegna ólyktar	79	18	21
Vegna lóða/bíla	55	30	10
Vegna hunda og katta	3	0	0
Meindýr	0	2	2
Vegna matvæla	3	5	5
Hávaði/reykur/ryk	1	1	1
Húsnæði	18	11	9
Leikvellir/leiktækjum	2	0	0
Vegna fráveitumála	7	4	0
Annað	2	3	2
Samtals	170	74	50

Af gefnu tilefni skal bent á að kvartanir vegna lyktarmengunar eru vegna HB Granda á Akranesi. Þarna er um fjölda kvartana að ræða en stundum bárust margar kvartanir á sama tíma.

Sýnatökur, örveru-/efnarannsóknir:

	2015	2014	2013	2012	2011
Neysluvatn	84	71	59	97	76
Vinnsluvatn	13	9	4	9	3
Salat og kjötálegg	0	3	0	0	0
Aðrar mjólkurvörur	0	0	0	0	0
Önnur matvæli	0	0	0	0	3
Baðvatn	0	0	0	0	6
Önnur sýni (sjór, ár, sigvatn)	10	18	12	25	4
Samt.	107	101	75	131	92

Efnarannsókn neysluvatns (4)



Sýnataka við urðunarstað á Akranesi (sigvatn)

HeV hefur um árabíl tekið sýni af vinnsluvatni frá fyrirtækjum í fiskvinnslu sem eru undir eftirliti hjá Mast.

Ofangreindar sýnatökur eiga við um sýni sem send eru til rannsóknastofa en ekki sýna sem skoðuð eru m.t.t. merkinga, umbúða eða innihaldslýsinga.

Sama er að segja um mælingar á hitastigi í kælum eða mælingar á baðvatni (sýrustig,klór).



Dæmi um breytta matarmenningu

Niðurlag

Það er áhyggjuefni hvað stjórnsýslan gengur hægt. Að fá afgreiðslu ráðueytis vegna samþykka sveitarfélaga sem þarf að staðfesta tekur oft marga mánuði eða ár.

Þá reynist líka erfitt að fá svör við einföldum fyrirspurnum til UAR eða UST.

Loks má nefna að illa gengur að fá fram breytingar á reglugerðum í kjölfar úrskurða eða að reglugerðir séu misvísandi.

Starfsmenn HeV vilja þakka stjórnarmönnum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu.

Þá er starfsmönnum sveitarfélaganna þakkað gott samstarf.

1. apríl 2016

Helgi Helgason

framkv.stj. Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

